

Föstudaginn 11. september 1998.

Nr. 270/1998.

Lúðvík Gizurarson

(sjálfur)

gegn

Veðifélagi Eystri-Rangár og

Veðifélagi Rangæinga

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Kærumál. Gerðardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. júní 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 30. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 15. júní 1998, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um að tilnefna gerðardómsmenn. Kæruheimild er í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma. Sóknaraðili krefst þess, að lagt verði fyrir héraðsdómara að skipa gerðardóm. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar úrskurðar héraðsdóms og kærumálskostnaðar.

Í gögnum málsins kemur fram, að leigusamningur frá 23. mars 1983, sem getið er í hinum kærða úrskurði, var framlengdur til ársloka 1996. Ein af kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðilum er þess efnis, að leigusamningurinn standi óbreyttur frá 1998 til ársins 2007. Krefst sóknaraðili þess, að gerðardómur úrskurði, að hann eigi rétt á, að samningurinn standi óbreyttur á þessu árabili. Gerðardómsákvæði það, sem sóknaraðili reisir kröfu sína á og rakið er í úrskurði héraðsdómara, verður ekki skýrt svo, að það taki til ágreinings um, hvort hann sem aðili leigusamningsins frá 23. mars 1983 eigi rétt á, að samningurinn verði framlengdur.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað, svo sem greinir í dómsorði.

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Lúðvík Gizurarson, greiði hvorum varnaraðila, Veiðifélagi Eystri-Rangár og Veiðifélagi Rangæinga, 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 15. júní 1998.

Með bréfi, dags. 20. ágúst 1997, krafðist Lúðvík Gizurarson, kt. 060332-3479, þess, að kvaddir yrðu þrír gerðarmenn til að fjalla um kröfur hans og ágreiningsefni við Veiðifélag Eystri-Rangár, kt. 530492-2659, og Veiðifélag Rangæinga.

Varnaraðilar krefjast þess aðallega, að kröfum sóknaraðila verði hafnað og þeim tildæmdur málskostnaður. Til vara krefjast varnaraðilar þess, að gerðarmenn verði einungis tveir og að málskostnaður falli niður. Málið var tekið til úrskurðar 25. maí sl.

Með kröfubréfi sínu lagði sóknaraðili fram greinargerð, er hann ritaði varnaraðilum 28. mars 1997. Þar eru rakin ýtarlega viðskipti sóknaraðila við varnaraðila máls þessa og hvernig staðið hefur verið að seiðasleppingu, friðun og veiði í Rangánum þessa öld.

Sóknaraðili á tvenns konar aðild að skiptum við varnaraðila. Annars vegar er hann einn veiðiréttareigenda við Eystri-Rangá og Fiská. Hins vegar gerði hann leigusamning við Veiðifélag Rangæinga 23. mars 1983 um 6. svæði Rangánna. Í leigusamningi þessum er í 11. gr. svohljóðandi ákvæði:

Ágreiningi, sem rísa kann út af samningi þessum, skal skotið til fullnaðar úrskurðar tveggja óvilhallra manna. Skulu þeir vera sérfróðir og búsettir utan merkja Rangárvallasýslu og dómkvaddir af sýslumanni Rangárvallasýslu.

Meginefni samningsins var það, að sóknaraðili tók á leigu rétt til stanga-veiði á hluta Eystri-Rangár og Fiskár.

Í greinargerðum sínum teflir sóknaraðili fram fjölmörgum atriðum, er hann telur, að aflaga hafi farið í skiptum sínum við varnaraðila.

Án frekari greinargerðar má ákveða, að athugasemdir við rekstur veiðifélaganna, gerð arðskrár og fleiri atriði komi ekki til skoðunar í þessu samhengi. Sama á við um viðskipti aðila, áður en leigusamningurinn var gerður 1983. Sóknaraðili vísar til gerðardómsákvæðis í leigusamningnum, og hefur það ákvæði ekki gildi út fyrir ramma þess samnings.

Í leigusamningnum er ákvæði í 6. gr., er heimilaði sóknaraðila að sleppa í vatnasvæðið sjóbirtings-, lax- og bleikjuseiðum að vild. Nánari ákvæði eru

ekki um þennan þátt, nema hvað sóknaraðili átti að upplýsa um, hversu miklu og hverju hefði verið sleppt.

Sóknaraðili rekur framlög sín með því að útbúa sleppitjarnir við Fiská og kaup sín á mjög mörgum seiðum. Rekur hann í greinargerð sinni, að sér megi þakka verulegan hluta þeirrar aukningar, sem orðið hafi á veiðisvæðinu. Dregur hann þó einkum fram, að þrátt fyrir þetta hafi ekki verið útlutað neinum arði úr veiðifélaginu allt frá árinu 1972.

Athugasemdir sóknaraðila við framkvæmd seiðasleppingar eru ekki alls kostar skýrar, svo að ljóst sé, hvernig hann hyggst reisa kröfur á hendur varnaraðilum á þeim. Seiðaslepping er ekki heldur efnisatriði í þeim samningi, sem hefur að geyma gerðardómsákvæði það, er sóknaraðili vísar til.

Ekkert af þeim atriðum, er sóknaraðili hefur teflt fram sem ágreiningsefnum við varnaraðila, varðar veiðisamning aðila frá 1983. Hefur sóknaraðili því ekki sýnt fram á, að hann hafi uppi ágreining, sem gerðardómur ætti að fjalla um. Á meðan svo er, verður ekki kvaddur til gerðardómur. Kröfu sóknaraðila er því hafnað. Kröfur hans um fjölda gerðarmanna og ábendingar um, hver skuli greiða kostnað, koma þá ekki heldur til úrlausnar.

Rétt er eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Jón Finnbjörnsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan. Hann fékk mál þetta til meðferðar 16. mars sl.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, Lúðvíks Gizurarsonar, um kvaðningu gerðardómsmanna er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.
